



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 3. júní 2022

Efni: Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (samræmd könnunarpróf), mál nr. 579.

Umboðsmaður barna vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 19. maí 2022, þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2009. Með frumvarpinu er lagt til að afnema tímabundið skyldu til að leggja fyrir samræmd könnunarpróf þar til ráðuneytið hefur innleitt nýtt samræmt námsmat.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að hafin sé vinna við innleiðingu nýs samræmds námsmats sem byggir á tillögum sem fram koma í skýrslu frá 2020, *Framtíðarstefna um samræmt námsmat: Tillögur starfshóps um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa*. Þá kemur jafnframt fram í athugasemdum með frumvarpinu að innleiðing nýs samræmds námsmats, sem gefi færi til mun umfangsmeira mats en áður, sé yfirgripsmikið verkefni og brýnt sé að svigrúm sé gefið til vinnu við hönnun og innleiðingu þess.

Umboðsmaður barna hefur áréttað að nauðsynlegt sé að breyta framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskólum þar sem ítrekað hafa komið upp tæknileg vandamál við framkvæmd þeirra. Hefur umboðsmaður lagt áherslu á að tafarlaust verði gripið til virkra aðgerða sem tryggja fullnægjandi framkvæmd þeirra eða að öðrum kosti að fella alfarið niður samræmd könnunarpróf. Umboðsmaður styður því þá tillögu sem frumvarpið felur í sér, að afnumin verði skylda til að leggja fyrir samræmd próf, þar til ráðuneytið hefur innleitt að fullu nýtt samræmt námsmat.

Umboðsmaður barna leggur áherslu á að samráð verði haft við börn og ungmenni við mótun og innleiðingu nýs samræmds námsmats. Það er réttur barna að vera höfð með í ráðum við skipulag menntunar þeirra og skylda stjórnvalda að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun í samræmi við 12. gr.

Barnasáttmálans. Tryggja þarf aðgengi þeirra að leiðum til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sérstaklega hvað varðar málefni er snúa með beinum hætti að þeim líkt og gildir um samræmd könnunarpróf. Mikilvægur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn. Nemendaráð grunnskóla og ungmennaráð sveitarfélaga geta haft beina aðkomu að slíku samráði. Þau geta einnig gegnt lykilhlutverki við að upplýsa börn og ungmenni og að hvetja þau til þess að taka þátt í samráði. Ber til þess að líta að skólar gegna lykilhlutverki í því að efla börn til lýðræðislegrar þátttöku en fram kemur í lögum um grunnskóla að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.

Samkvæmt 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, skulu sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð, en markmið þeirra er að gefa ungmennum kost á því að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 70/2007, er fjallað um mikilvægi aðkomu ungmenna að ákvarðanatöku, og að hvetja eigi ungmenni til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Börn eru ekki einsleitur hópur og þess vegna er mikilvægt að haft sé samráð við ólíka hópa barna svo sem fötluð börn, börn með annað móðurmál en íslensku og aðra hópa barna sem eru í viðkvæmri stöðu.

Samræmt námsmat í grunnskólum snertir hagsmuni barna og ungmenna með beinum hætti og því er sérstaklega mikilvægt að þau fái tækifæri til þess að eiga aðkomu að mótun slíks námsmats.

Börn og ungmenni eiga rétt á því að fá að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans. Með þátttöku barna er hægt að greina álitamál og ávarpa hindranir og tækifæri í málefnum barna sem börn hafa einstaka innsýn í.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna